150 7. nóv. jarðarinnar Breiðholts í nefndum ám, sem og um heimild Thomsens til að þvergirða Elliðaárnar; enn fremur er skorað á ráðgjafann að skipa dómsnefnd manna, er í sitji laxfróður maður, til þess að meðhöndla og dœma mál þetta á staðnum.

Út af þessu skal hjer með eigi undanfellt þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það má álítast þýðingarlaust með tilliti til úrslita þessa máls, er höfðað hefir verið af hendi hins opinbera gegn ýmsum mönnum út af broti gegn 298. og 108. grein hegningarlaganna, hvernig úrslitin verði á málum þeim, er kynnu að rísa af veiðirjetti jarðanna Hólms og Breiðholts í Elliðaánum, eða á því máli, er nú sem stendur er fyrir hæstarjetti út af rjetti nefnds Thomsens til að þvergirða Elliðaárnar. Þar að auki virðist það með tilliti til að halda uppi virðingu fyrir lögum, œskilegt, að mál þetta verði útkljáð án ónauðsynlegra tafa, og finnur ráðgjafinn því ekki ástœðu til að taka hina nefndu ályktun neðri deildar alþingis til greina.

151 7. nóv. — **Brjef ráðgjafans fyrir Island** *til landshöfðingja* **um veiðirjett þjóðjarðarinnar Hólms í Elliðaám.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. sept. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent ráðgjafanum þingsályktun, samþykkta af báðum deildum þingsins, þar sem alþing skorar alvarlega á landsstjórnina að höfða mál gegn Thomsen kaupmanni í nafni þjóðjarðarinnar Hólms fyrir þvergirðingar hans í Elliðaánum og þar af leiðandi veiðispilli fyrir Hólmsland, og að sjá svo fyrir, að þvergirðingarnar verði tafarlaust upptœkar gjörðar úr ánum upp á ábyrgð landssjóðs, og hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það undir úrskurð ráðgjafans, hvort taka ætti tjeða þingsályktun til greina, og ef svo væri, þá á hvern hátt.

Út af þessu er ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar vitundar, að ráðgjafinn hyggur það rjettast að bíða úrslita þess opinbera máls, er nú sem stendur er fyrir hæstarjettti, út af rjetti Thomsens til að þvergirða Elliðaárnar, áður en ákvörðun verður gjörð í tilefni af tjeðri þingsályktun.

152 7. nóv. — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um sölu lóðarskika af Arnarhólstúninu.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 14. sept. þ. á., skýrið þjer, herra landshöfðingi, frá, að þjer, út af brjefi ráðgjafans dags. 2. júlí þ. á., hafið með breytingaruppástungu við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1882 og 1883 leitað og náð samþykki alþingis til, að nokkrir lóðarskikar á Arnarhóli, embættisjörð landshöfðingja, megi verða afhentir gegn 14 kr. ársgjaldi til landssjóðs; þar að auki hafið þjer ítrekað tillögu yðar í brjefi dags. 3. maí þ. á. um, að ráðgjafinn samþykki, að lóðarblettur af nefndri jörð, er liggur upp að Bakarastíg, verði afhentur Sigmundi prentara Guðmundssyni gegn 10 króna árgjaldi, sem og að þeim Jóni háyfirdómara Pjeturssyni og Bergi amtmanni Thorberg verði eptirlátinn 10 álna breiður lóðarskiki, er liggur upp að norðurhlið lóðarbletta þeirra, er þeim áður hafa seldir verið, gegn því, að lóðargjald það, að upphæð 8 kr., er þeir hingað til hvor um sig hafa goldið í landssjóð, verði frá yfirstandandi fardögum hækkað upp í 10 kr. fyrir hvorn.

Með því að frumvarp það til fjárlaga, er alþingi samþykkti, hefir náð staðfestingu konungs, lætur ráðgjafinn ekki hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ofannefndar tillögur yðar skulu hjer með samþykktar.